

Atli Harðarson

Auðmýkt

Lítillátur, ljúfur og kátur,
leik þér ei úr máta;
varast spjátur, hæðni, hlátur;
heimskir menn sig státa.
(Hallgrímur Pétursson)

Orðin *auðmjúkur*, *hógvær* og *lítillátur* hafa svipað inntak. Í *Íslenskri orðabók*¹ er merking þeirra skilgreind á eftirfarandi hátt.

auðmjúkur L • eftirlátur, hlýðinn, lítillátur > *auðmjúkur þjónn / auðmjúkur og af hjarta lítillátur*

hógvær (kvk. -vær) L • rólyndur, blíðlyndur • rólegur, hægur • lítillátur

lítillátur L • 1 hrokalaus, vingjarnlegur við þá sem lægra eru settir 2 auðmjúkur, sem tekur þakksamlega við litlu, lítilþægur

Bæði orðin *auðmjúkur* og *hógvær* eru sögð geta merkt það sama og *lítillátur* og einnig tekið fram að *lítillátur* geti merkt það sama og *auðmjúkur*. Í því sem á eftir fer gef ég mér að þessi þrjú orð merki öll það sama enda ætla ég að fjalla um þann merkingarkjarna sem þau eiga sameiginlegan fremur en mismun sem kann að vera á notkun þeirra. Öll orðin eru höfð um viðhorf eða hegðun sem eru andstæð við hroka, hofmód, sjálfsþóttu, dramb, steigurlæti, frekju, sjálfbirgingshátt, mont og gorgeir. Af þessu má ætla að auðmýkt, hógværð og lítillæti séu mannkostir því andstæðurnar sem hér voru taldar eru ljóður á ráði hvers manns. En málið er ekki alveg svona einfalt því stundum eru þessi orð notuð í merkingu sem stangast á við höfðingsskap, réttmætt stolt, sjálfsvirðingu og sanngjarnar kröfur.

Pótt erfitt sé að draga skýr mörk milli hroka og stols er hroki ætíð ámælisverður en stolt getur átt fullan rétt á sér. Svipaða sögu má segja um steigurlæti og sjálfsvirðingu, hið fyrrnefnda er löstur og hið síðarnefnda kostur. En hvað um auðmýkt? Er hún dygd eins og andstæða hroka og frekju hlýtur að vera eða er hún löstur sem er andstæður við höfðingsskap og sjálfsvirðingu?

*

Samkvæmt siðaboðskap kristninnar er auðmýkt mikilvægur mannkostur. Mér sýnist þetta einnig gilda um gyðingdóm og íslam. Spámenn og klerkar þessara trúarbragða virðast á sama máli og Jesús sem sagði að hver sem upp hefur sjálfan sig, muni auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig muni upp hafinn verða.² Í Orðskviðum Salómons segir t.d.:

Drambsemi er undanfari tortímingar, og oflæti veit á fall. Betra er að vera lítillátur með auðmjúkum en að skipta herfangi með dramblátum.³

¹ Mördur Árnason 2002.

² Matt. 23:12. Svipuð ummæli eru í Lúk. 14:11 og Lúk. 18:14. (Allar tilvitnanir í Biblíuna eru teknar af vef Netútgáfunnar <http://www.snerpa.is/net>.)

³ Orðskviðirnir 16:18–19.

Í helgiriti múslíma, *Kóraninum*, er einnig tekið skýrt fram að auðmýkt sé guði þóknanleg:

Múslímum, körlum bæði og konum, trúræknunum og einlægum, þolgóðum, auðmjúkum, góðgjörnum og hreinlífum, þeim sem fasta og hafa jafnan Allah í huga, mun Hann fyrirgefa og launa ríkulega.⁴

Á seinni öldum hafa veraldlega þenkjandi siðfræðingar vefengt þennan trúarlega siðaboðskap og lýst auðmýkt sem ómerkilegum undirlægjuhætti og efast um að hún geti talist til mannkosta. Upphaf þessara efasemda má finna í ritum Spinoza (1632–1677) þar sem segir meðal annars að þeir sem helst eru álitnir auðmjúkir séu flestir í raun og veru öfundsjúkir og metnaðargjarnir umfram aðra menn.⁵ Ásamt Hollendingnum Spinoza er Skotinn David Hume (1711–1776) með helstu frumkvöðlum veraldlegrar siðfræði á seinni öldum og eins og Spinoza hafði hann lítið álit á auðmýktinni.

Skírlífi, föstur, kárínur, meinlæti, sjálfsafneitan, auðmýkt, þögn, einvera og allar munkadygðir, hví er þeim alls staðar hafnað af skynsömum mönnum? Er það ekki vegna þess að þær eru fánýtar og auka hvorki gengi manns né gagnsemi hans fyrir samfélagið; gjöra hann hvorki færari um að geðjast öðrum né hækari til að njóta lífsins? Við okkur blasir þvert á móti að þær ganga gegn öllum þessum eftirsóknarverðu markmiðum; gjöra skilninginn sljóan, hjartað kalt, ímyndunaraflíð dauft og skapið súrt.⁶

Hvað ætli sé satt og rétt um þetta efni? Getur verið að þótt erfitt sé að draga skýr mörk milli auðmýktar og undirlægjuháttar sé eigi að síður svipaður munur á þessu tvennu eins og á sjálfsvirðingu og steigurlæti, að annað sé dygð en hitt sé löstur?

Mér virðist auðmýkt vera aðalsmerki bestu manna – að hún sé styrkur en ekki veikleiki og stuðli að réttisýni fremur en sjálfsblekkingu. Gegn þessu standa orð nokkurra helstu frumkvöðla veraldlegrar og heimspekilegrar siðfræði á seinni öldum. Í því sem hér fer á eftir ætla ég að rekja í stuttu máli söguna af því hvernig auðmýktin varð olnbogabarn siðfræðinnar og leggja um leið mitt af mörkum til að hún fái uppreisn æru.

Jesús frá Nasaret, Benedikt frá Núrsíu og Bernharður frá Clairvaux

Hugmyndir kristinna manna um gildi auðmýktar, hógvæðar og lítillætis byggjast einkum á ummælum Jesú þar sem hann segir: „Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvæð og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.“⁷ Fleiri ummæli um þetta efni má finna í guðspjöllunum⁸ og í bréfum postulanna.⁹ Þar er gildi þessara eiginleika hampað en lítið um skýringar eða útlistanir á því hvað í þeim felst. Þó má finna tvo kafla í Lúkasarguðspjalli þar sem ráða má af samhenginu í hverju auðmýkt er fólgin og hvers vegna það er gott fyrir menn að vera auðmjúkir.

Jesús gaf því gætur, hvernig þeir, sem boðnir voru, völdu sér hefðarsætin, tók dæmi og sagði við þá: „Þegar einhver býður þér til brúðkaups, þá set þig ekki í hefðarsæti. Svo getur farið, að manni þér fremri að virðingu sé boðið, og sá komi, er ykkur bauð, og segi við þig: „Þoka fyrir manni þessum.“ Þá verður þú með kinnroða að taka ysta sæti. Far þú heldur, er þér er boðið, og set þig í ysta sæti, svo að sá sem bauð þér segi við þig, þegar hann kemur: „Vinur, flyt þig hærra upp!“ Mun þér þá virðing veitast frammi fyrir öllum, er

⁴ 33. þáttur. *Kóran* 1993, bls. 259.

⁵ *Siðfræðin* III, Skilgreining á geðshræringum 29. Spinoza 1982, bls. 148.

⁶ Hume 1983, bls. 73–74. (Tilvitnanir í Hume eru þýddar af greinarhöfundum.)

⁷ Matt. 11:29.

⁸ Sjá Matt. 5:5, 18:1–5, 21:1–5, 23:1–12; Lúk. 14:7–11, 18:9–14.

⁹ Sjá bréf Páls til Galatamanna 5:19–23, til Efesusmanna 4:1–2, til Kólossumanna 3:12–14, til Tímóteusar 6:10–11 og Fyrri almenna bréf Péturs 3:3–4.

sitja til borðs með þér. Því að hver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða.“¹⁰

Hann sagði líka dæmisögu þessa við nokkra þá er treystu því, að sjálfir væru þeir réttlátir, en fyrirlitu aðra: „Tveir menn fóru upp í helgidóminn að biðjast fyrir. Annar var farísei, hinn tollheimtumaður.

Faríseinn sté fram og baðst þannig fyrir með sjálfum sér: „Guð, ég þakka þér, að ég er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, ranglátir, hörkarlar eða þá eins og þessi tollheimtumaður. Ég fasta tvisvar í viku og geld tíund af öllu, sem ég eignast.“

En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins, heldur barði sér á brjóst og sagði: „Guð, vertu mér syndugum líknsamur!“ Ég segi yður: Þessi maður fór réttlættur heim til sín, en hinn ekki, því að hver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða.“¹¹

Af fyrri dæminu má ráða að ástæða þess að betra sé fyrir mann að vera auðmjúkur en að hreykja sér hátt sé helst að sá sem hefur sjálfan sig á stall hættir á að þola þá sneypu að vera hrundið af honum fyrir allra augum en sá sem gætir þess að trana sér ekki fram á frekar von á þeim heiðri að vera boðinn hærrí sess. Þetta virðist aðeins hagnýtt ráð fyrir þá sem vilja njóta heiðurs og forðast skömm eða niðurlægingu. Ekki er gefið í skyn að neitt sé athugavert við að vilja njóta heiðurs, aðeins að sjálfshafning sé ekki vænlegasta leiðin til þess. Það er erfiðara að átta sig á seinna dæminu. Þó held ég að mér sé óhætt að fullyrða að í því felist að minnsta kosti sú kenning að sá sem er mjög með hugann við eigin ágæti og annarra vankanta sé siðferðilegur eftirbátur hins sem hyggur að eigin ágöllum og vill bæta úr þeim. Hugsunin virðist svipuð og í ummælum Jesú þar sem hann segir:

Hví sérð þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga sjálfs þín? Hvernig fær þú sagt við bróður þinn: „Bróðir, lát mig draga flísina úr auga þér,“ en sérð þó eigi sjálfur bjálkann í þínu auga? Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glögg til að draga flísina úr auga bróður þíns.¹²

Samkvæmt þessu er betra að huga að eigin löstum og laga þá en finna að því sem miður fer í fari annarra.

Texti guðspjallanna bendir ekki til að auðmýktin sem þar er boðuð feli í sér að menn eigi að skríða í duftinu, lítillækka sjálfa sig eða vera hirðulausir um sæmd sína og heiður. Áhersla á auðmýkt er ekki heldur nein einkaeign kristinnar eða gyðinglegrar siðfræði. Löngu áður en Jesús flutti alþýðumönnum í Palestínu boðskap sinn höfðu grísk skáld boðað að dramb væri falli næst. „Goðunum enginn gjöri smán! goldið mun dramb á skapastund“ segir í lokasöng kórsins í leikriti Sófóklesar um Antígónu.¹³ En þótt boðskapur Nýja testamentisins um auðmýkt sé ef til vill ekki frábrugðinn kenningum sem einnig má finna í leikritum Sófóklesar og fleiri fornum heimildum hafa sumir kristnir kennimenn viljað ganga talsvert lengra en lagt er til í guðspjöllunum.

Einn af helstu frumkvöðlum klausturlifnaðar á Vesturlöndum var Benedikt frá Núrsíu (480?–547). Hann er einn af dýrlingum Rómarkirkjunnar. Í ritum Benedikts er fjallað um tólf þrep auðmýktarinnar. Sá sem kemst upp þessi þrep kvað öðlast kærleika sem sigrast á öllum ótta. Til að komast upp á sjöunda þrepið þarf maður „að játa með vörum sínum og trúna í hjarta sínu að hann sjálfur sé lægst settur og aumastur allra.“¹⁴ Þetta er undarlegur boðskapur. Ef hver og einn telur sig aumari og lægra settan en alla hina, hljóta þá ekki allir nema einn að hafa rangt fyrir sér? Það getur verið fullt vit í því að hafa meiri áhuga á að bæta sjálfan sig en að vanda um fyrir öðrum. En getur verið skynsamlegt að álíta sjálfan sig ómerkilegri en hlutlaust og yfirvegað mat gefur tilefni til?

¹⁰ Lúk. 14:7–11.

¹¹ Lúk. 18:9–14.

¹² Lúk. 6:41–42.

¹³ Sófókles 1975, bls. 64.

¹⁴ Sjá: Bernard 2001, bls. 14.

Vera má að Benedikt hafi vísvitandi notað ýkjur til að hamra boðskap sinn inn í hausinn á munkunum sem hann beindi orðum sínum til. Sjötta skrefið upp stiga auðmýktarinnar byggist líkt og hið sjöunda á því að hafa lítið álit á sjálfum sér. Hin fela í sér hlýðni, aga, þolinmæði, að vera þögull og niðurlátur. Ekkert af þessu kvað þó vera markmið í sjálfu sér heldur leið sem munkar gengu til að öðlast kærleika og óttaleysi.

Hálftu árþúsundi eftir daga Benedikts ritaði annar kaþólskur dýrlingur, Bernharður frá Clairvaux (1090–1153), bók um hin tólf þrep auðmýktarinnar þar sem hann túlkar og þrýðir við kenningu Benedikts. Þar heldur hann því fram að auðmýkt sé sjálfsþekking sem geri menn kærleiksríka og óttalaus: „Hún er sú dygd sem gerir mann fyrirlitlegan í eigin augum með því hann geri sér ljóst hvað hann er í raun og veru.“¹⁵ Svo er að skilja að Bernharður hafi álitnið skilning á mannlegu eðli leiða til sjálfsfyrirlitningar. Hann hefur trúlega talið að réttur skilningur manns á sjálfum sér væri einkum skilningur á hve syndugur og spilltur hann væri.

Sú hugmynd Benedikts frá Núrsíu að auðmýkt feli í sér vanmat á sjálfum sér eða þá skoðun að maður sjálfur sé lakari eða ómerkilegri en aðrir menn er lífseig og henni bregður víða fyrir. Kristján Kristjánsson prófessor við Háskólann á Akureyri gerir t.d. greinarmun á hógværd (e. modesty) og auðmýkt (e. humility) og segir að hógværd sé í því fólgin að maður ofmeti ekki eigin kosti en auðmýkt feli í sér að hann vanmeti sjálfan sig.¹⁶ Í samræmi við þetta álitur Kristján að auðmýkt sé ljóður á ráði manns fremur en siðferðileg dygd því hún feli í sér rangt sjálfsmat. Það er vissulega nokkuð til í því að ef munur er á auðmýkt og hógværd sé hann á þá leið að sá auðmjúki gangi heldur lengra en sá hógværi. Samt efast ég um að hversdagsleg merking orðsins *auðmýkt* feli í sér rangt sjálfsmat.

Efasemdir Spinoza, Hume og fleiri upphafsmanna veraldlegrar siðfræði um kosti auðmýktar er rétt að skoða í ljósi þeirra nokkuð öfgafullu kenninga sem kirkjan tók í arf eftir Benedikt og Bernharð. Samkvæmt þessum kenningum felur auðmýkt ekki aðeins í sér að menn hugi meira að eigin ágöllum en annarra og forðist að hreykja sér hátt heldur að þeir séu álútir fremur en upplitsdjarfir, fyrirlíti sjálfa sig og hver og einn álitir sig vera aumastan allra aumra. En þótt bókstaflegur skilningur á ritum þessara tveggja dýrlinga leiði af sér öfgar og firrur útilokar það ekki að auðmýkt af því tagi sem Jesús boðaði, og Salómon konungur og Sófókles leikritaskáld á undan honum, hafi nokkuð til síns ágætis.

Hobbes, Spinoza, Hume, veraldleg siðfræði og sjálfsmat

Í bók sinni um ríki guðs segir Ágústínus frá Hippó (354–430) að hrokinn sé upphaf allra synda¹⁷ og í siðfræði kristinna lærdómsmanna á miðöldum var hann jafnan talinn hin versta af dauðasyndunum sjö.¹⁸ Í samræmi við þetta var auðmýkt talin til dygða þótt ekki væri hún á lista yfir sjö höfuðdygðir.¹⁹ Í riti Bernharðs frá Clairvaux um tólf þrep auðmýktarinnar er hún sögð vera leið til að öðlast kærleika, sem var að dómi kristinna manna æðstur og mestur allra mannkosta.

Þegar losna tók um tengsl siðfræði og guðfræði á sautjándu öld komu fram ýmsar skoðanir og kenningar um gildi auðmýktar, hógværdar og lítillætis. Þeir heimspekingar sem áttu mestan þátt í að gera siðfræðina veraldlega og óháða guðfræðilegu kennivaldi voru Englendingurinn Thomas Hobbes (1588–1679) auk þeirra Spinoza og Hume sem fyrr voru nefndir.

Líkt og kirkjunnar menn áleit Hobbes að hroki væri uppspretta ófriðar og illinda og menn sem álitu sig vitra ættu að minnsta kosti að sýna þá auðmýkt að líta á aðra sem jafningja sína. Um þetta segir hann í höfuðriti sínu, *Leviathan*:

¹⁵ Bernard 2001, bls. 22. (Tilvitnun þýdd af greinarhöfundu.)

¹⁶ Kristján Kristjánsson 2002, bls. 130.

¹⁷ *Guðsríkið* XIV:13. Augustine 1972, bls. 571 o.áfr.

¹⁸ Dauðasyndirnar sjö voru hroki, öfund, ágirnd, leti, reiði, græðgi og losti.

¹⁹ Höfuðdygðirnar sjö voru hófsemi, hugrekki, réttlæti, víska, trú, von og kærleikur.

Aristóteles heldur því fram sem forsendu kenninga sinna í fyrsta bindi *Stjórnspekinna* að frá náttúrunnar hendi séu sumir menn öðrum fremur verðugir þess að fá að stjórna. Hér hafði hann í huga menn sem skara fram úr að vitsmunum eins og hann áleit sjálfan sig gera sakir heimspeki sinnar. Aðra taldi hann verðuga þess að þjóna og átti þar við þá sem höfðu líkamskrafta en voru ekki heimspekingar eins og hann sjálfur; eins og menn skiptust í húsbændur og hjú vegna mismunandi vitsmuna en ekki fyrir samkomulag sín á milli. Þetta er ekki aðeins andstætt allri skynsemi heldur líka í andstöðu við alla reynslu enda eru fáir menn svo heimskir að þeir vilji ekki fremur stjórna sér sjálfir en lúta stjórn annarra. Og þegar hinir vitru ætla í drambsemi sinni að etja kappi við hina sem vantreysta visku þeirra er af og frá að þeir hafi ævinlega sigur. Hafi náttúran skapað mennina jafna er réttast að sá jöfnuður sé viðurkenndur. Hafi hún hins vegar skapað þá ójafna skal samt játa að þeir séu jafnir vegna þess að þar sem enginn álitur sig eftirbát annarra munu þeir ekki semja frið að öðrum kosti. Ég set því fram sem hið níunda lögmál náttúrunnar að hver maður skuli líta á aðra menn sem náttúrulega jafningja sína. Brot gegn þessu lögmáli er *hroki*.²⁰

Það er eins og Hobbes álíti að jafnvel þótt sumir menn kunni að vera öðrum fremri sé svo ólíklegt að samkomulag verði um rétt mat á gildi hvers og eins að eina raunhæfa leiðin til að halda frið sé að láta svo heita að allir séu jafningjar. Hann leggur því til að allir forðist þann hroka að telja sjálfa sig eiga tilkall til að ráða yfir öðrum í krafti vitsmuna eða andlegra yfirburða. Ef til vill reyndi Hobbes með þessu að snúa á kennivald kirkjunnar þar sem hann tók undir þá skoðun hennar að hroki væri upphaf alls ills en benti um leið á að það væri allnokkur hroki í því fólgin að telja sig geta haft vit fyrir öðrum eins og kirkjunnar menn reyndu að gera. Hobbes fór fínt í þetta en Spinoza var beinskeyttari og andæfði klerkaveldinu með opinskárrí hætti.

Spinoza lýsti auðmýkt sem kvöl manns yfir eigin vanmætti²¹ og taldi hana veikleika sem hinir bestu menn væru lausir við. Auðmýkt sagði hann vera andstæðu sjálfsánægjunnar og taldi hana ekki til dygða, enda væri hún ekki afsprengi skynseminnar.²²

Þrátt fyrir þessa heldur neikvæðu afstöðu til auðmýktar tók Spinoza undir þá skoðun Hobbes að hroki og sjálfsánægja gætu valdið vandræðum í mannlegum samskiptum. Þótt hann teldi auðmýkt ekki til dygða áleit hann að ef menn gætu ekki lifað skynsamlega væri illskárri að þeir væru of auðmjúkir en of hrokafullir.

Þar sem menn lifa sjaldan í samræmi við boð skynseminnar gera auðmýkt og iðrun meira gagn en skaða og sama má segja um von og ótta. Því er það svo að ef vér komumst ekki hjá því að syndga, þá er skárri að syndin hneigist í átt til þessara geðshræringa. Væru menn sem skortir andlegan styrk allir jafn hrokafullir og ef þeir skömmuðust sín hvergi og óttuðust ekkert, hvað héldi þá aftur af þeim? Múgurinn er óttalegur ef hann óttast ekkert. Það er því engin furða að spámennirnir, sem var umhugað um heill samfélagsins fremur en hagsmunum hinna fáu, hafi lagt kapp á að mæla með auðmýkt, iðrun og lotningu. Staðreyndin er líka sú að þeir sem láta stjórnast af slíkum geðshræringum fást á endanum öðrum fremur til að lifa eins og skynsemin býður, það er að segja að vera frjálsir menn og lifa lífi hinna blessuðu.²³

Spinoza umturnaði hefðbundnum kristnum skilningi með því að lýsa auðmýkt og hroka sem hliðstæðum fremur en andstæðum og halda því fram að þetta tvennt fari oftast saman og þeir sem séu öðrum fremur niðurlútir og auðmjúkir séu jafnan fullir af ofmetnaði og öfund.

Þótt sjálfsniðurlægning sé andstæða hrokans, þá er sá sem niðurlægir sjálfan sig afar nálægt því að vera hrokafullur. Þar sem kvöl hans kemur til af því að hann dæmir sjálfan sig vanmáttugan í ljósi máttar eða dygða annarra manna, þá dregur úr kvöl hans og hann kennir ánægju ef hann hugleiðir lesti annarra ...²⁴

²⁰ *Leviathan* XV, Hobbes 1978, bls. 163–64. (Tilvitnun þýdd af greinarhöfundum.)

²¹ III Skýring við skilgreiningu á geðshræringum nr. 26. Spinoza 1982, bls. 146.

²² IV P53. Spinoza 1982, bls. 184.

²³ IV P54 Scholium. Spinoza 1982, bls. 185. (Tilvitnanir í Spinoza eru þýddar af greinarhöfundum eftir textanum í Spinoza 1982.)

²⁴ IV P57 Scholium. Spinoza 1982, bls. 186. Sjá líka III Skýring við skilgreiningu á geðshræringum nr. 29. Spinoza 1982, bls. 148.

Þessi hugmynd um tengsl sjálfsniðurlægingar við hroka er ekki nýjung hjá Spinoza. Hún kemur t.d. fyrir hjá Bernharði af Clairvaux þar sem hann talar um hroka og sýndarmennsku þeirra sem keppast við að skara fram úr öðrum í að auðmýkja sjálfa sig.²⁵ Hins vegar víkur Spinoza frá hefðinni þegar hann eignar styrkleika, sjálfsánægju og stolti ýmsa kosti sem kristin hefð tengdi við auðmýkt.²⁶

Víðar í siðfræði Spinoza er hefðbundnu trúarlegu siðferði snúið á hvolf, t.d. þar sem bann við saklausri gleði, hlátri og lífsnautnum er tengt við illúðuga og ófyrirleitna hjátrú²⁷ og þar sem meðaunkun, auðmýkt og iðrun er lýst sem löstum en ekki kostum.²⁸ Rúmlega tvö hundruð árum seinna hélt Þjóðverjinn Friedrich Nietzsche (1844–1900) svo áfram þessu verki sem Spinoza byrjaði á, að umturna gildum kristinna Vesturlandabúa. Í millitíðinni hafði Skotinn David Hume sett fram siðfræði sem byggðist algerlega á veraldlegum og vísindalegum skilningi á sálarlífi manna og samfélagsgerð.

Hume hafði lítið álit á auðmýkt og ef eitthvað er gekk hann skrefi lengra en Spinoza í að vefengja kosti hennar því hann taldi illskárra að menn hefðu helst til mikið sjálfsálit en of lítið. Hume lagði áherslu á að það væri lofsvert að meta sjálfan sig mikils hefði maður góða kosti til að bera.²⁹ Menn skyldu þó forðast að tjá mikið sjálfsálit með mjög opinskáum hætti. Í siðuðu samfélagi eru kurteisreglur sem stuðla að góðum samskiptum og þær setja því skorður hvað mönnum leyfist að ganga langt í sjálfshóli. Þar sem menn hneigjast til að ofmeta sjálfa sig er vani að vinna gegn þessu með því að fordæma sjálfshól og hvetja til lítillætis. En enginn sem þekkir mannlífið ætlast í raun og veru til þess að auðmýktin sé nema rétt á ytra borði eða að menn séu fyllilega einlægir þegar þeir láta sem minnst yfir eigin ágæti. Sannir heiðursmenn hafa til að bera réttmætt stolt en kunna jafnframt að breiða yfir sjálfsánægjuna svo hún valdi ekki ýfingum í samskiptum þeirra við aðra. Hume virðist sem sagt álíta að raunveruleg auðmýkt sé löstur en auðmjúklek framkoma hafi samt hlutverki að gegna í mannlegum samskiptum.

Gildi hugrekkis, dirfsku, metnaðar, stórmennsku og fleiri dygða, sem álíka ljóma stafar af, felst ekki hvað síst í því sjálfsáliti sem í þeim er fólgið. Ýmsir sem taka málstað trúarinnar úthropa þessar dygðir og kalla þær heiðnar og veraldlegar og halda jafnframt fram ágæti kristindómsins sem hampar auðmýktinni sem dygd og leiðréttir þar með dóma heimsins og einnig dóma heimspekinganna sem vegsama allt það sem menn áorka fyrir stolt sitt og metnað. Ég þykist þess ekki umkominn að dæma hvort þessi dygd, auðmýktin, hefur verið rétt skilin. Mér dugar að vita að stolt sem er skaplega stjórnað og setur svip á athafnir vorar er mikils metið í heimi hér svo fremi það trani sér ekki fram með ókurteislegu sjálfshóli sem ofbýður hégómagirnd annarra manna.³⁰

Allir þessir þrír frumkvöðlar veraldlegrar siðfræði, Hobbes, Spinoza og Hume, féllust á að nauðsynlegt væri að menn sýndu auðmýkt á ytra borði til að forðast ýfingar og illindi sín á milli. Þeir álitu friðvænlegt að menn temdu sér auðmjúklega framkomu fyrir siðasakir en gáfu lítið fyrir kröfur um að menn væru auðmjúkir af öllu hjarta. Enginn þeirra lagði áherslu á gildi auðmýktar fyrir þroska og hamingju einstaklings. Spinoza lýsir auðmýkt sem sársaukafullu ástandi og talar um að hún sé kvöl manns yfir eigin vanmætti. Hume lýsir henni sem andstæðu við hugrekki, dirfsku, metnað, stórmennsku og fleiri skínandi dygðir. Eins og áður er getið ber að skoða þessa heldur neikvæðu dóma um auðmýktina í ljósi kenninga Benedikts frá Núrsíu og Bernharðs frá Clairvaux sem virðast nokkuð öfgafullar þar sem þeir halda því fram að til að vera auðmjúkur þurfi maður að vera niðurlútur og þögull og trúa því í hjarta sínu að hann sé ómerkilegri en aðrir menn. Þegar dómar þessara frumkvöðla heimspekilegrar siðfræði á nýöld

²⁵ Bernard 2001, bls. 68 o.áfr.

²⁶ Sjá t.d. IV P73 Scholium. Spinoza 1982, bls. 196.

²⁷ IV P45 Scholium. Spinoza 1982, bls. 181.

²⁸ IV P50, P53 og P54. Spinoza 1982, bls. 182–85.

²⁹ Það sem hér er haft eftir Hume byggist á því sem hann segir í *Treatise* III:ii. Hume 1978, bls. 596–98.

³⁰ *Treatise* III:ii. Hume 1978, bls. 599–600.

eru túlkaðir þarf einnig að hafa í huga að þeir höfðu meiri áhuga á að benda á veilur í trúarlegri siðfræði en að skoða þá þætti hennar sem horfa til heilla, enda var þeim í mun að grafa undan klerkaveldi og áhrifum trúarbragða á stjórnmal og siðferði.

Sumt af því sem hreyfði við lesendum Hobbes, Spinoza og Hume á sautjándu og átjándu öld þykir nú næsta sjálfsagt. Veraldleg siðfræði þeirra er orðin hluti af hversdagslegum þankagangi. Í ritum um sálfræði og uppeldisfræði frá síðustu áratugum er t.d. víða fjallað um sjálfsálit sem jákvæðan eiginleika og lágt sjálfsmat gjarna tengt óæskilegri hegðun og vandræðagangi af ýmsu tagi. Sumt af því sem ritað hefur verið um þessi efni kann að gefa tilefni til að ætla að eiginleikar á borð við hógværð og lítillæti séu mönnum ekki til framdráttar. Þó er nokkuð á reiki hvernig sjálfsmat er álitid tengjast auðmýkt, hógværð eða lítillæti. Í grein sem birtist í *Sálfræðiritinu* árið 2000 glímir Anna Valdimarsdóttir við spurningar um tengsl hógværðar og sjálfsálits og færir rök að því að þrátt fyrir einhverja togstreitu geti þetta farið saman. Hún efast ekki um að sjálfsálit sé kostur og segir meðal annars:

Það þarf að hafa fyrir því að öðlast sjálfsálit og vinna að því með háttarni sínu ævina á enda. Og það er ekki hægt að hafa „of mikið“ sjálfsálit í þeirri merkingu sem hér um ræðir. Að spyrja hvort hægt sé að hafa of gott sjálfsálit er líkt og að spyrja hvort hægt sé að hafa of góða heilsu.

Því meira sjálfsálit sem við höfum því betur erum við í stakk búin til að takast á við vonbrigði og áföll sem lífið færir okkur.

Því meira sjálfsálit sem við höfum þeim mun líklegri erum við til að mæta öðrum með hlýju og vinarhug í stað þess að fyllast öfund út í aðra og líta á þá sem keppinauta eða ógnun við okkur.

Því meira sjálfsálit sem við höfum því betur gengur okkur að gefa og þiggja ást og hlú að sjálfsáliti og sjálfstrausti annarra.

Því meira sjálfsálit sem við höfum þeim mun líklegri erum við til að vinna störf okkar af alúð og setja markið hátt.³¹

Ætli þetta sé rétt? Ætli hátt sjálfsmat eða mikið sjálfsálit sé til bóta eins og Anna heldur fram? Í grein eftir Roy F. Baumaster, Jennifer D. Campbell og Joachim I. Krueger sem birtist í *Scientific American* í janúar 2005 eru dregnar saman niðurstöður rannsókna sem benda til þess að lítill tengsl séu milli sjálfsmats annars vegar og hamingju eða árangurs í námi og vinnu hins vegar. Í greininni er því einnig haldið fram að rannsóknir sálfræðinga bendi ekki til að lágt sjálfsmat leiði til óæskilegrar hegðunar, ofbeldis eða glæpaverka.

Hafi Baumaster, Campbell og Krueger lög að mæla gefa sálfræðirannsóknir ekki ástæðu til að gera lítið úr gildi auðmýktar, hógværðar eða lítillætis. Og jafnvel þótt sjálfsálit kunni að vera kostur í einhverjum skilningi er vel hugsanlegt að það geti samrýmst hógværð eins og Anna Valdimarsdóttir gerir ráð fyrir.

Getur verið að neikvæðir dómar um þá eiginleika sem hér eru til umræðu byggist á misskilningi og að í þeim miklu átökum veraldlegrar og trúarlegrar siðfræði sem settu mark sitt á heimspeki nýaldar frá Hobbes til Nietzsche hafi verðmætir þættir hefðbundins siðferðis farið forgörðum um leið og úreltum kreddum var hafnað og afturhaldssamt klerkaveldi brotið á bak aftur?

Til varnar auðmýktinni

Árið 1996 birtist grein eftir Stephen Hare í tímaritinu *American Philosophical Quarterly* sem nefnist „The Paradox of Moral Humility“. Á íslensku gæti hún heitið „Þverstæða siðferðilegrar auðmýktar“. Í ritgerðinni segir Hare að auðmýkt hafi lengst af talist fela í sér lágt sjálfsmat en á seinni árum hafi verið reynt að gefa hugtakinu annað innihald sem sé á þá leið að í siðferðilegum skilningi séu allir menn jafnir, jafn mikils verðir eða jafn góðs maklegir, og

³¹ Anna Valdimarsdóttir 2000, bls. 116.

auðmýkt sé í því fólgin að gera sér grein fyrir þessu og forðast þess vegna að setja sjálfan sig á háan hest.

Hare bendir svo á að ef auðmýkt í þessum skilningi teljist vera dygð eða mannleg fullkomnun, þá sitjum við uppi með þá mótsagnakenndu niðurstöðu að sá sem er dygðugur umfram aðra og metur bæði eigin kosti og annarra af raunsæi hljóti bæði að játa því og neita að hann sé öðrum fremri í siðferðilegum efnum. Með öðrum orðum: Ef auðmjúkur maður er betri en aðrir vegna auðmýktar sinnar og annarra dygða og auðmýktin felur í sér að hann telji sig ekki öðrum betri, þá hlýtur viðkomandi að játa því að hann sé öðrum betri ef hann lítur raunsætt á málið en neita því að hann sé öðrum betri ef hann er að sönnu auðmjúkur. Auðmýkt hans útilokar því raunsætt mat á eigin verðleikum.

Meðan lítið er svo á að auðmýkt feli í sér að maður telji sjálfan sig ómerkilegri en hann er í raun og veru, eða geri sér ekki grein fyrir eigin verðleikum, hlýtur hún að teljast vafasamur kostur. En er þetta réttur skilningur? Ég efast um það. Sú auðmýkt sem kristnir menn hafa reynt að læra af Jesú getur a.m.k. varla verið í þessu fólgin, því Jesús sagðist sjálfur vera vegurinn, sannleikurinn og lífið.³² Sé hægt að vera auðmjúkur og trúa þessu um sjálfan sig, þá hljóta auðmjúkir menn að geta álitnið sig öðrum fremri á einhverjum sviðum.

Þeir sem neita því að auðmýkt sé kostur eða dygð gera, eftir því sem ég kemst næst, ævinlega ráð fyrir því að auðmýkt feli í sér vanmat viðkomandi á sjálfum sér eins og Benedikt frá Núrsíu lýsir þar sem hann fjallar um sjöunda þrepið í stiga auðmýktarinnar. Getur verið að þessi munkafraeði hafi afvegaleitt skilning manna á boðskap fornra rita sem vara við ofdrambi og benda á kosti þess að vera hógvær og af hjarta lítillátur?

Vera má að orðin *auðmýkt*, *hógværd* og *lítillæti* hafi hlaðið á sig svo margvíslegri merkingu í aldanna rás að hæpið sé að neita því afdráttarlaust að merking þeirra geti falið í sér rangt mat á eigin verðleikum. Í munni sumra eru öfgafyllstu hliðarnar á munkafraeðum þeirra Benedikts og Bernharðs ef til vill hluti af inntaki orðanna. Hvað sem því líður held ég að það geti verið fullkomlega eðlilegt að nota þessi orð um mannkosti sem eru fjarri því að tengjast röngu sjálfsmati, kvöl yfir eigin vanmætti, sorg og sút eða ýkjukenndum hugmyndum um að maður sjálfur sé aumari og ómerkilegri en annað fólk. Vissulega hlýtur auðmýkt þó að tengjast sjálfsmati eða viðhorfi manns til eigin verðleika með einhverjum hætti. En þau viðhorf felast ekki fyrst og fremst í dómum um hvað er satt og hvað ósatt heldur í því á hverju maður hefur áhuga, hverju hann heldur fram af ákafa og hvað er honum ofarlega í huga. Munurinn á auðmjúkum manni og dramblátum liggur ekki einkum í því hverju þeir trúu heldur miklu fremur í því hversu ákafir þeir eru að halda fram neikvæðum dómum um bresti annarra eða hrósi um eigin kosti.

Tveir menn geta haft sömu upplýsingar um náunga sinn og sömu hæfileika til að draga af þeim hlutlægar ályktanir en samt hugsað um hann á mjög ólíka vegu. Sá sem er auðmjúkur hefur takmarkaðan áhuga á að kunngera vammir og skammir annarra manna, dvelur ekki við þær í huganum umfram það sem þörf er á og túlkar vafa og óvissu öðrum í hag. Hinn sem er hrokafullur hugsar meira um ávirðingar annarra, vill gjarna kunngera þær og er dómharður um náunga sinn. Svipað má segja um vitneskju manns um sjálfan sig. Tveir menn geta haft hliðstæðar upplýsingar um eigin verðleika en haft ólíka afstöðu til þeirra. Öfugt við hrokagikkinn er auðmjúkur maður ekki gjarn á að tína til langsótt rök í því skyni að réttlæta sjálfan sig ef hann gerir eitthvað rangt. Ef hann skarar fram úr að einhverju leyti viðurkennir sá auðmjúki að hann kunni að vera heppinn að hafa hlotið góða vöggugjöf eða þroskavænleg uppvaxtarskilyrði en sá hrokafulli eignar sjálfum sér allan heiður af eigin velfarnaði.

Munurinn á auðmjúkum manni og hrokafullum er fólgin í fleiru en því sem hér hefur verið talið. Meðal þess sem nefna má til viðbótar er að þeim auðmjúka er eðlilegt að skynja eigin smæð og skoða málin af nógu háum sjónarhóli til að hann sjái sjálfan sig sem lítinn hluta af allri tilverunni en þeim hrokafulla finnst að hann sjálfur sé miðja heimsins og skoðar allt í ljósi

³² Jóh. 14:6.

eigin hagsmuna, þarfa og langana. Að þessu leyti á auðmýkt samleið með víðsýni og hlutlægu mati en hrokinn og frekjan stuðla að sýn sem er bæði þröng og lituð af sérvisku og hleypidómum. Ágústínus frá Hippó orðaði þetta svo að „með undraverðum hætti búi eitthvað í auðmýktinni sem upphefur hugann og í sjálfshafningunni eitthvað sem lítillækkar hann.“³³

Sé þessi skilningur réttur fer því víðs fjarri að auðmýkt feli í sér rangt sjálfsmat eða skort á sjálfsvirðingu. Sá sem er auðmjúkur getur lagt algerlega raunsætt mat bæði á eigin verðleika og annarra. Sérstaða hans er í því fólgin að hann hefur meiri löngun til að hrósa öðrum en sjálfum sér og meiri áhuga á að leiðrétta sjálfan sig en aðra.

Rit

- Anna Valdimarsdóttir. 2000. „Sjálfsálit og hógværð.“ *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands* 6. árg., bls. 113–16.
- Augustine. 1972. *City of God*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Baumaster, Campbell, Krueger. 2005. „Exploding the Self-Esteem Myth.“ *Scientific American* jan. 2005, bls. 70–77.
- St. Bernard. 2001. *In the Steps of Humility*. London: The Saint Austin Press.
- Hare, Stephen. 1996. „The Paradox of Moral Humility.“ *American Philosophical Quarterly* Volume 33, Number 2, apríl 1996 bls. 235–40.
- Hobbes, Thomas. 1978. *Leviathan*. Glasgow: Collins/Fontana.
- Hume, David. 1978. *A Treatise of Human Nature*. (Ritstjórar Selby-Bigge og Nidditch.) Oxford: Oxford University Press.
- Hume, David. 1983. *An Enquiry Concerning the Principles of Morals*. Indianapolis: Hackett Publishing Company.
- Kóran*. 1993. (Helgi Hálfðanarson þýddi.) Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján Kristjánsson. 2002. *Justifying Emotions, Pride and Jealousy*. London: Routledge.
- Mörður Árnason (ritstjóri). 2002. *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Edda.
- Sófökles. 1975. *Antígóna*. (Helgi Hálfðanarson þýddi.) Reykjavík: Heimskringla.
- Spinoza, Benedict de. 1982. *The Ethics and Selected Letters*. Indianapolis: Hackett Publishing Company.

³³ *Guðsríkið* XIV:13. Augustine 1972, bls. 572.